



## ÚR UMSÖGNUM NÁMSMANNA




**Kennararnir eru frábærir og gaman að kynnst nýju fólki á ýmsum aldri. Í hópnun minum náðum við mjög vel saman segir Þórunn Ólafsdóttir.**

Ég hafði lengi hugsað mér að fara í eitthvað nám en vissi ekki hvað gæti hentað mér. Svo sá ég auglýsingu frá Eflingu um Grunnenntaskólann og ákvað að prófa hann. Það hentaði mér mjög vel og ég sannfærðist um að ég gæti lært ennþá. Ég ráðlegg fólki með litla menntun og langt er síðan verið hefur í skóla að prófa þennan möguleika. Mér fannst kostur að ekki þurfti að taka próf en samt er námið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Þetta hefur styrkt mig persónulega í leik og starfi.



**Ég er stolt af mér að hafa drifið mig í Grunnenntaskólann. Hópurinn var frábær og við studdum hvort annað í náminu segir Guðmundína Einarsdóttir.**

Ég er ákveðin í að halda áfram námi og skora á þá sem langar að byrja aftur í námi að drífa sig í þetta nám.



**Besta ákvörðun sem ég hef tekið lengi. Grunnenntaskólinn er frábær leið til þess að byrja aftur að læra segir Ágúst Þorláksson.**

Ég fór í Grunnenntaskólann til þess að athuga hvernig ég stæði í námi eftir langt frí. Það er frábært að geta farið í skóla sem slíkan, á eigin forsendum, frábærir kennarar sem kenna á þínum hraða og forsendum.

## GRUNNMENTASKÓLINN

- Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustunda nám fyrir þau sem hafa stutta skólagöngu að baki.
- Tilgangur skólans er að stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms og auðvelda fólki að takast á við ný verkefni.
- Áhersla er lögð á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og styrki stöðu sína í almennum greinum.
- Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur og verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og mat í stað hefðbundinna prófa eru dæmi um aferðir sem beitt er í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við sitt hæfi.
- Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi skólann til styttingar náms í framhaldsskóla til 24 eininga.

Námspáttur	Kst
Kynning .....	5
Sjálfsstyrking og samskipti .....	20
Námstækni .....	10
Framsögn .....	15
Íslenska .....	55
Tölvur .....	40
Enska .....	40
Stærðfræði .....	40
Verkefnavinna .....	25
Þjónusta .....	10
Náms- og starfsráðgjöf .....	15
Færnimappa .....	20
Mat á námi og skólastarfi .....	5
<b>Samtals</b>	<b>300</b>

Námsskrá með nánari lýsingum er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:  
[www.frae.is](http://www.frae.is)